

**135. fundur skólanefndar ME,
haldinn 25. apríl. 2017 kl. 17:00 í fundaherbergi skólans**

Mættir skólanefndarmenn: Skúli Björn Gunnarsson og Anna Björk Guðjónsdóttir ásamt varamönnum Steinunni Ásmundsdóttur og Halldóri B. Warén. Gauti Jóhannesson, Ragnhildur Rós Indriðadóttir og Esther Ösp Gunnarsdóttir boðuðu forföll.

Mættir áheyrnarfulltrúar: Ísar Tandri Hlynsson f.h. nemenda, Hlynur Ármannsson f.h. kennara og Steinunn Snædal f.h. foreldra.

Jafnframt sátu fundinn: Árni Ólason skólameistari og Arnar Sigbjörnsson áfangastjóri sem ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

1. Staðfesting fundargerðar nr. 134
2. Gangurinn í skólastarfinu – fardagar, skólakynning ofl
3. Haustönn 2017 – helstu mál ss kennararáðningar ofl
4. Önnur mál.
 - a. Félagsstörf nemenda
 - b. Málefni styrktarsjóða
 - c. Næsti fundur

Skúli Björn setur fund um kl. 17.00 og getur þess að ekki hafi verið viðbúið að þessi skólanefnd fundaði enn á ný en skipan nýrrar nefndar hafi tafist. Væntanlega verður komin ný nefnd í júní þegar næsti fundur verður boðaður. Gengið er til dagskrár.

1. Staðfesting fundargerðar nr. 134

Búið var að samþykkja fundargerð 134. fundar í tölvupósti og var hún staðfest með undirritun á fundinum.

2. Gangurinn í skólastarfinu – fardagar, skólakynning ofl.

Árni Óla segir frá því að á yfirstandandi önn taki námsmatsdagar við af prófadögum, þrjár á spannaskilum og fimm í maí. Reynslan af þessu fyrirkomulagi verði rædd á starfsdögum í vor og í kjölfarið ákveðið hvernig framhaldinu verði háttað.

Fardagar voru haldnir undir hatti Fjarmentaskólans í mars og komu þeir í stað opinna daga í ME áður. Fardagarnir heppnuðust vel nema hvað auglýstar listasmiðjur féllu niður vegna ónægrar þátttöku. Nemendur fengu einingar fyrir framlag sitt og nokkrir ME-ingar sóttu námskeið í öðrum skólum, þ.e. Húsó, VA og MTR. Skólameistarar Fjarmentaskólans hafa ákveðið að endurtaka leikinn að ári og er gert ráð fyrir fardögum 6.-10. mars 2018 í drögum að skóladagatali.

Árni lýsir áhyggjum af þróun mætinga hjá nemendum skólans. Hann varpar upp mynd af þróun mætingareinkunna frá 2010-2017. Í foreldrakönnun sem lögð var fyrir á önninni komu fram vísbendingar um að foreldrar væru farnir að fylgjast

minna með börnum sínum en áður. Sent var bréf til foreldra vegna þessa fyrir skömmu. Fundarmenn sammála um að brýnt sé að leita leiða til úrbóta á skólasókn nemenda.

Árni segir frá kynningardegi skólans sem heppnaðist vel þrátt fyrir að Skólahreysti, sem vera átti í íþróttamiðstöðinni á Egilsstöðum sama dag, hafi verið frestað.

Ágætlega horfir með umsóknir nýnema á haustönn en þær eru þegar orðnar 75 talsins. Þó stefnir í að eldri nemendum fækki enn, sem m.a. skýrist af styttingu náms til stúdentsprófs.

3. Haustönn 2017 – helstu mál s.s. kennararáðningar o.fl.

Árni varpar upp yfirliti yfir áorðnar og fyrirhugaðar breytingar í starfsmannamálum og reifar stöðuna í þeim.

Meðal annars kemur fram að:

- Auglýstar hafa verið stöður sálfræði-, efnafræði- og stærðfræðikennara í 50% starfshlutfalli og eru horfurnar góðar varðandi sálfræðina og stærðfræðina.
- Hildur Bergsdóttir hefur tekið við stöðu Sigrúnar Yrju Klórudóttur sem félagsráðgjafi skólans og Sigrún Harðardóttir og Katrín María sinna námsráðgjöf í hlutastörfum. Von er á Nönnu Imsland úr fæðingarorlofi um næstu áramót.
- Björn Gísli Erlingsson og Marianna Jóhannsdóttir hafa fengið vilyrði fyrir launuðu námsleyfi næsta skólavetur. Fundurinn samþykkir þá tilhögun. Verið er að leita leiða til að fylla þeirra skörð.
- Jóney Jónsdóttir segir upp stöðu sinni í íslenskukennslu en hún hefur verið í leyfi síðastliðin tvö ár.
- Von er á Valgerði Dögg og Ólöfu Björk úr leyfum næsta haust.

Anna Björk spyr út í stöðu listnáms og lýsir áhyggjum af listnámsbraut skólans. Árni segist hafa átt fund með nokkrum fagaðilum á svæðinu um stöðu listnámsins. Hann lýsir framkominni hugmynd um að breyta brautinni í línu sem öllum nemendum á stúdentsbrautum myndi bjóðast að taka.

Málabrautin er í svipaðri stöðu og listnámsbrautin og hugsanleg leið væri að keyra aðeins tvær brautir í skólanum, þ.e. hugvísindabraut og náttúrufræðibraut með fjölbreyttum námslínum. Skólanefnd tekur vel í þessa hugmynd og leggur áherslu á að brýnt sé að takast á við þessi mál með hraði og bregðast við lítilli aðsókn á brautir með breytingum.

Árni varpar upp drögum að skóladagatali 2017-2018. Hann útskýrir breytingar sem gerðar hafa verið á prófadögum/námsmatsdögum og segir frá nýrri reglugerð um starfstíma skóla sem tekur við af eldri reglugerð þess efnis. Takmarkanir í nýju reglugerðinni eru umtalsvert minni en í þeirri eldri.

HRW
[Handwritten signature]

M.a. rætt hvernig hnika mætti lengd skólaársins, s.s. með því að kenna í dymbilvikunni eða byrja vorönnina fyrr í janúar. Samfara auknu svigrúmi í nýrri reglugerð getur orðið samtal innan skólans um ýmsar útfærslur á starfstímanum. Frekari þróun skóladagatala varpað til stjórnenda og starfsmanna skólans.

4. Önnur mál

a. Félagsstörf nemenda

Ísar Tandri segir frá Barkaballinu 24. mars sem gekk vel þrátt fyrir fámenni. Aðeins voru fimm atriði á Barkanum sjálfum og slök mæting gesta en framkvæmd gekk vel.

Lokaballið fer fram 5. maí á Kaffi Egilsstöðum en það er styrkt af Doritos. Ísar telur líkur á að góðir skemmtikraftar fái til að hafa ofan af fyrir gestum. Böll vetrarins hafa almennt gengið vel fram til þessa. Miðvikudagsskemmtanir hafa ekki gengið sem skyldi, m.a. vegna árekstra við aðra viðburði s.s. sýningar á Ronju ræningjadóttur.

Fundarmenn gera góðan róm að uppsetningu LME á Ronju og augljóst að nemendur og leikstjóri hafa lagt mikla vinnu í verkið.

Hlynur varpar því fram hvort Barkinn og leikrit LME rekist hvort á annað sem komi niður á þátttöku og mætingu. Rætt um að mögulega mætti breyta fyrirkomulagi Barkans og gera hann fjölbreyttari, þ.e. ekki einskorðað hann við tónlistarflutning. Kosningar í nemendaráð fyrir næsta skólaár eru á næsta leiti.

b. Málefni styrktarsjóða

Skúli Björn fór yfir drög að skipulagsskrá fyrir nýjan og sameinaðan Skólasjóð ME sem samanstæði af Skólasjóði ættuðum frá Eiðum og Menningarsjóði prófastshjónanna á Hofi. Sýslumaðurinn á Sauðárkróki hefur upplýst að hægt sé að sameina þessa sjóði ef færð eru fyrir því rök og meginmarkmið haldist. Markmið sjóðsins væri að stuðla að eflingu menntunar og menningar á Austurlandi með því að styðja við starfsemi Menntaskólans á Egilsstöðum með margvíslegum hætti. Samkvæmt drögum að skipulagsskrá væri óskerðanlegur hluti stofnfjár 10 milljónir en sjóðsstjórn hefði heimild til að verja allt að 50% af höfuðstól sjóðsins til sérstakra átaksverkefna. Í sjóðunum eru nú samtals um 32 m.kr.

Steinunn Ásmundsdóttir leggur til að „bókasafn“ verði breytt í „bókakost“ í markmiðum 2. greinar.

Menningarsjóður prófastshjónanna var grundvallaður á Ættum Austfirðinga. Árni sagðist hafa rætt við Báru Stefánsdóttur forstöðukonu Héraðsskjalasafnsins þar sem sá bókalager hefur verið vistaður. Afar lítið er eftir af prentuðum bókum og mörg bindin uppurin og ófáanleg. Fyrir nokkrum árum var á vegum sjóðsins farið í

Það verkefni að skanna inn öll bindin af Ættum Austfirðinga. Þær tölvuskrár þarf að gera aðgengilegar í gagnagrunni á netinu með leitarmöguleikum og hefur Árni falið vefstjóra ME að ganga í það mál. Með því að opna aðgengi almennings að Ættum Austfirðinga á rafrænu formi verði mætt mikilvægum markmiðum Menningarsjóðs prófasthjónanna.

Núverandi stjórnir sjóðanna þurfa að taka ákvörðun um breytingar á þeim. Síðan þurfa fundargerðir þeirra ásamt greinargerð og nýrri skipulagsskrá að fara fyrir Sýslumannsembættið á Sauðárkróki og Ríkisendurskoðun.

Fundarmenn lýsa yfir vilja til að fara þessa leið og telja að með þessu móti megi nýta fjármuni sjóðanna til góðra verka. Þar með sér fyrir endann á þessu mikilvæga málefni sem núverandi skólanefnd hafði að markmiði að fylgja allt til enda.

Nokkrir möguleikar á ráðstöfun sjóðfjár ræddir, s.s. efling listnáms og bíósalur.

c. Næsti fundur

Næsti fundur er settur um miðjan júní samkvæmt fundadagskrá. Það kemur væntanlega í hlut nýrrar skólanefndar að sitja hann og mun skólameistari boða til hans.

Fleira ekki rætt. Skúli Björn þakkar fundarmönnum fyrir sitt framlag og samstarfið síðustu fjögur árin og slítur fundi kl. 18:15.

Fundargerð ritaði Arnar Sigbjörnsson.

